

Minning:

Guðrún Guðmundsdóttir frá Bala

Fædd 12. júlí 1902
Dáin 6. mars 1987

Í dag verður amma mín, Guðrún Guðmundsdóttir á Bala, Miðnesi, lögð til hinstu hvíldar frá Hvalsneskirkju, en amma lést í Sjúkrahúsi Keflavíkur 6. mars sl. á 85. aldursári.

Amma fæddist 12. júlí 1902 á Akrahóli í Hvalsneshverfi á Miðnesi. Hún var dóttir hjónanna Guðmundar Þorsteinssonar, sem ættaður var úr Gardinum, og Sigurbjargar Torfadóttur, ættuð úr Höfnum á Reykjanesi, og var sjötta í röð níu systkina, sex dætra og þriggja bræðra. Af dætrumum var amma yngst, en þær voru auk ömmu: Gísli, sem dó í barnæsku, Sigríður, Guðný, Guðmundína og Stefánía. Af bræðrum er sá elsti, Þórarinn Kristinn, nú hinn eini eftirlifandi þeirra systkina en hann er búsettur í Reykjavík. Hinir voru Sigurður Jóhann og Jón.

Amma dvaldist hjá foreldrum sínum á Akrahóli fram yfir fermingu en þá, haustið 1916, fluttist hún að Bala á Stafnesi, næsta hverfi sunnan Hvalsness. Þangað var hún ráðin sem kaupakona til þeirra hjóna, Daða Jónssonar og Helgu Loftsdóttur er þar hjuggu. Þetta urðu ömmu mikil gæfuspur, því að á Bala kynntist hún afa mínum, Guðmundi Guðmundssyni. Afi fæddist á Hrauni í Grindavík 30. október 1902 og var því jafnaldri ömmu. Hann var sonur hjónanna Guðmundar Loftssonar og Guðlaugar Sveinsdóttur er þar hjuggu. Við lát móður sinnar, árið 1914, var afa tekinn í fóstur að Bala til þeirra hjóna, Daða og Helgu, en hún var einmitt föðursystir afa.

Með ömmu og afa tókst mikið vinfengi og varanlegt og tengdust þau órjúfanlegum trygðaböndum, innsgludum með hjónabandi þeirra 1925. Var þetta þeim báðum hið mesta heillaspor. Þau hófu búskap á Bala og hjuggu þar öll sín búskaparár. Framan af höfðu þau aðallífsviðurværi sitt af sjósókn, en stunduðu auk þess landbúnað. Þetta var á þeim tíma, þegar útgerð var stunduð á opnum áraskipum, en fyrir þau voru lendingarskilyrði góð á Stafnesi, auk þess sem stutt var á gjöfúl fiskimið. Með stækkuðum fiskiskipanna og tilkomu stærri mótorbáta færðist þungamiðja slíkrar útgerðar yfir á þá staði, þar sem hafnarskilyrði voru best, í þessu tilviki Sandgerði. Amma og afa áttu auðvelt með að laga sig að þessum breyttu aðstæðum, því þau sneru sér í eð ríkar mæli að landbúnaðinum, sem varð þeirra aðalframfærsla á

hamingjusöm. Þau eignuðust tvö myndarborn, sem bæði eru búsett hér á Akranesi. Þau eru Helga Jóna, sem gift er Ásmundi Jónssyni lagerstjóra hjá Sementsverksmiðju ríkisins, og Sigurgeir, bifvélavirki, giftur Erlu Karlsdóttur, hann rekur sitt eigið fyrirtæki hér í bæ. Eftir að hún var orðin ekkja voru börnin og fjölskyldur þeirra hennar stærsta hamingja.

Nú fyrir stuttu er við heimsóttum hana á Víflsstaðaspítala var mjög af henni dregið. Hún var mjög róleg og sagði okkur að nú væri þessu að verða lokið hjá sér og væri hún mjög sáttt við það og kvíði engu. Við dáðumst að því hvað hún gat talað um þetta af mikilli skynsemi, ró og æðruleysi.

Það er margt að minnst frá þeim fjórtíu árum sem liðin eru frá okkar fyrstu kynnum og eru þær minningar allar okkur mjög kærar og munum við ætíð minnst þeirra hjóna með þakklæti og hlýju.

Við þökkum Lillu fyrir allar samverustundirnar og allt sem hún og heimili hennar hafa verið okkur. Við sendum börnum hennar, barnabörnum og fjölskyldum þeirra, móður hennar og systur og fjölskyldum þeirra okkar innlegustu samúðarkveðjur.

Gengin er góð kona. Guð veri ætíð með henni.

Kristín og Knútur Ármann

síðari hluta búskapartíðar þeirra, þótt sjósókn hafi afi alla tíð stundað í einhverjum mæli.

Amma og afa voru ákaflega samrýnd hjón, samhent til allra verka innan dyra sem utan, stakir dugnaðarforkar í hvívetna og mikið reglufólk. Þetta gerði þeim lífsbáttuna mun auðveldari en ella. Þau báru djúpa virðingu hvort fyrir öðru og gagnkvæma væntumþykju. Kom það ekki sízt í ljós á seinustu æviárum ömmu, þegar heilsan var farin að bila, en afa bætti henni það upp með einstakri blíðu sinni, nærgætni og umhyggju. Þeirra sambúð var öll til hinnar mestu fyrirmyndar og heyrði ég þau aldrei sundurorða. Betri lífsförunaut hefði amma því ekki getað öðlast.

Þeim ömmu og afa varð átta barna auðið: Guðmundur Kristmann (f. 1925), búsettur í Sandgerði, kvæntur Snjólaugu Sigfrúsdóttur og eiga þau fimm börn; Sólveig Helga (f. 1927), en hún lést af slysförum 1935; Guðmundur L. (f. 1929), búsettur á Bala, ókvæntur; Sigurður B. (f. 1931), búsettur í Keflavík, kvæntur Mörtnu Baldvinsdóttur og eiga þau átta börn; Sigurbjörg (f. 1934), búsett í Sandgerði, kvænt Harald Sveinssyni og eiga þau fimm börn; Guðlaug Helga (f. 1937), búsett í Sandgerði, gift Kjartani Björnssyni og eiga þau þrjú börn; Sigrún Guðný (f. 1938), búsett í Sandgerði, var gift Jóhanni Gunnari Jónssyni sem er látinn en þau eignuðust fimm börn; Sólmundur Rúnar (f. 1943), búsettur í Keflavík, ókvæntur.

Amma var myndarleg kona, í meðallagi há og fremur þéttvaxin á efri árum, andlitíð greindarlegt, frítt og blíðlegt, ennið hátt og göfugmannlegt. Hún var bráðvel gefin, bókhneigð, hagnæm, tónelsk og hin mesta hannyrðakona. Hún bar mikla umhyggju fyrir fjölskyldu sinni og vakti af kostgæfni yfir velferð sívaxandi fjölda barnabarna og barnabarnabarna. Hún var rólynd að eðlisfari, yfirveguð, geðgód og dagfarsprúð. Hún var létt í lung og átti það oft til að gantast og glettast við okkur barnabörnin og leiftraði þá af kátinu. Hún þurfti aldrei að skipta skapi í samskiptum sínum við okkur barnabörnin, slík var virðing okkar fyrir ömmu. Henni hlýddum við ætíð mögularlaust, enda skynsamlegum og sanngjörnum rökum beitt af hennar hálfu. Amma var mjög trúuð kona, góðhjörtað, ósérhlifin, gjafmild og gestrisin svo af bar. Hún var hlý í viðmóti, úrræðagóð og hollráð og því gott til hennar að leita.

Amma var mér mjög kær og minning hennar mér afar dýrmæt. Ég er afskaplega þakklátur fyrir að hafa fengið notið leiðsagnar ömmu og umhyggju um langan aldur, allt frá því ég man eftir mér. Ég minnst með sérstöku þakklæti sumranna þriggja á árunum 1964–66 er ég dvaldi hjá þeim ömmu og afa á Bala og allra þeirra óteljandi skipta er ég sótti þau heim. Hjá þeim var ávallt gengið að vellíðaninni vísi. Mun ég ætíð búa að þeim dýrmæta fjársjóði, sem samskipti mín við ömmu voru mér.

Nú er skarð fyrir skildi. Ég og fjölskylda mín sendum elsku afa okkar dýpstu samúðarkveðjur og biðjum honum og hans nánustu Guðs blessunar á sorgarstundu.

Gunni

Í dag, föstudaginn 13. mars, verður kvöld hinstu kveðju frá Hvalsneskirkju Guðrún Guðmundsdóttir, Bala í Hvalsneshverfi. Guðrún fæddist á Akrahóli í Hvalsneshverfi og ólst þar upp ásamt átta systkinum. Foreldrar hennar voru Sigurbjörg Torfadóttir og Guðmundur Þorsteinsson.

Guðrún fór snemma að vinna fyrir sér eins og þá tíðkaðist. 1925 giftist hún eftirlifandi eiginmanni sínum, Guðmundi Guðmundssyni, og hófu þau búskap á Bala og hafa búið þar síðan. Þau eignuðust átta börn, sem eru Kristmann, Sólveig

Helga, sem þau misstu 7 ára gamla, Guðmundur Loftur, Sigurður, Sigurbjörg, Guðlaug Helga, Sigrún Guðný og Sólmundur Rúnar.

Mér er ljúft að minnst Guðrúnar, þessarar heidurskonu og miklu persónu, sem naut virðingarförkomenda sinna og annarra sem við hana áttu samskipti.

Umhyggjusemi hennar og þeirra hjóna við barnabörn sín og fjölskyldur þeirra voru einstök. Það er mér minnststætt frá þeim tíu árum sem ég þekkti Guðrúnu. Það var alltaf gaman að koma að Bala og spjalla og hlusta á frásagnir þeirra hjóna. Þau hjón voru með eindæmum samhent og ljúf í umgengni hvort við annað. Guðrún var trúuð kona enda bar hún mjög hag kirkjunnar fyrir brjósti.

Einnig kenndi hún barnabörnum sínum margt um Krist og kenningar hans. Hún hafði gaman af því að gera að gamni sínu og var skemmtileg heim að sækja. Þá var gestrisni hennar og þeirra hjóna rómuð af þeim er sóttu þau heim.

Ég vil biðja algóðan Guð að blessa minningu þessarar heidurskonu.

Guðmundi og fjölskyldu hans vil ég votta mína dýpstu samúð.

Far þú í friði
fríður Guðs þig blessi
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkt þú með Guði
Guð þér nú fylgi
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

(Vald. Briem)

Hjálmar Georgsson

Ég kveð hér ömmu mína, Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Bala, og hugsa til þess með stolti að eiga svo góðar minningar.

Ég man ungan dreng á ferð gangandi, hjólandi eða stíjandi í mjólkurbúnum með tilhlökkun í hjarta eins og alltaf þegar hann fór að heimsækja ömmu og afa. Það var ævintýri líkast að fara í sveitina þó ekki væri vegalengdin mikil. Þeirri hlýju og þeim skilningi sem hann mætti mun hann seint gleyma.

Ég man unglíng á ferð á leið í kartöfluupptöku eða heyskap. Eftirvæntingin var sú sama. Hin heilbrigðu og jákvæðu viðhorf til lífsins sem lærðust á þessum tíma hafa verið honum fágætt veganesti.

Það var alltaf gláðværd í kringum ömmu og var hún hrókur alls fagnaðar. Þrátt fyrir að hún ætti við veikindi að stríða var alltaf stutt í hlaturinn og þrátt fyrir tugina átta var hugsunin skýr og oft velti ég því fyrir mér hvort okkar væri yngri í anda. Það var aldrei um neitt kynslóðabil að ræða. Amma skildi og gat talað við mig hvort sem ég var barn, unglíngur eða fullorðinn.

Þú, sem úr öllu
ætið vildir bæta,
munt himna í höllu
hinu sama mæta,
alsæls um völlu
ekkert kann að græta,
þess guð mun gæta.

Grímur Thomsen

Ég bið guð að styrkja afa minn á þessari stundu.

Kristþór Gunnarsson

Hún amma mín, Guðrún Guðmundsdóttir, Bala, Stafnesi, er dáin. Hún er farin yfir móðuna miklu, þar sem ég veit að verður tekið vel á móti henni.

Amma var alltaf fasti punkturinn í tilverunni. Að koma til ömmu og afa, á heimili þeirra að Bala í Stafnesi, var hátið líkast. Heimili þeirra stóð öllum opið. Römuð er gestrisni þeirra og hjartanlegar móttökur, hvort sem það var ættingi þeirra eða einhver sölumaður. Allir fundu hlýjuna sem streymdi frá þeim. Amma lagði metnað sinn í að allir sem komu fengu kaffisopa og bita með. Enginn fór með tóman maga frá henni.

Ég minnst allra þeirra skipta þegar ég sem barn fór til þeirra og fékk að sofa nokkrar nætur. Það eru ógleymanlegir dagar. Mjólk og kökur brögðuðust hvergi betur en hjá ömmu. Amma hafði alltaf tíma fyrir okkur barnabörnin sín. Hún sagði okkur sögur frá því hún var



ung, sögur sem lifa í hjörtum okkar. Sögurnar hennar ömmu og bænirnar hennar vísuðu okkur veginn. Bænirnar hennar munu lifa meðal afkomenda hennar.

Amma var mikil haggleiksmanneskja á alla handavinnu. Ófáir eru þeir sokkarnir og vettlingarnir sem hún þrjónaði á okkur öll barnabörnin sín. Og klukkurnar sem hún þrjónaði á okkur stelpurnar voru snilldarverk. Amma var einnig skáldleg í sér. Margar gullfallegar stökur og ljóð samdi hún.

Á ömmu sannaðist máltækið „sælla er að gefa en þiggja“. Hún hafði yndi af að gefa öðrum. Ég man það eitt sinn er hún vildi gefa lítilli dóttur minni pening, að ég sagði að hún ætti ekki að vera að þessu, þá sagði hún að sér þætti svo gaman að gefa. Svona var hún amma. Og hún var ekki síður gjafmild á andleg verðmæti. Hún dreifði gullmolum í kringum sig.

Án efa fáir, það er mín trú
sér átu göfugra hjarta en þú
það vakti mér löngum lotning.
Í örþing mestu þú auðugust varst
og alskyns skapraun og þrautir barst
sem værir dýrasta drottning.

Matthías Jochumsson

Elsku afa, missir þinn er mikill, en huggun okkar er sú að hún er í góðum höndum.

Þóra Kjartansdóttir

Í dag verður hún amma mín jarðsungen. Af því tilefni langar mig að minnst hennar með örfáum orðum. Hugurinn reikar til baka og

minningarnar lifa hjá eins og myndir á tjaldi.

Við frændsystkinin vorum ekki há í loftinu þegar við fórum að sækja suður á Bala til ömmu og afa. Frá Sandgerði að Bala er drjúgur spotti, en okkur munaði ekki um hann. Fórum við ýmist gangandi eða á hjólum og oftast mörg saman í hóp. Á leiðinni urðu stundum á vegi okkar geltandi hundar, sem sjálfsgagt voru vinalæti, en okkur stóð stuggur af þeim. Við reyndum að hughreysta hvert annað og sungnum gjarnan til að bæga hræðslunni frá. Á hólum sunnan við Melaberg var að, þar töldum við leiðina að Bala vera hálfnaða og því tilvalinn stað til að taka fram nestið. Þegar við svo sáum heim að Bala rauk öll ferðapreyta úr okkur og sprettum við þá heldur betur úr spori. Amma og afa tóku alltaf vel á móti barnaskaranum. Amma lagði verkin sín til hlíðar, hvernig sem á stóð, og bar fram kökur og mjólk. Við gerðum veitingunum góð skil, sögðum ferðasöguna og lékum á als oddi. Á eftir settumst við inn og spjölluðum saman í ró og næði.

Við töluðum um allt milli himins og jarðar og amma miðaði okkur af fróðleik sínum og lífsreynslu: Frá lífinu þegar hún var lítil stelpa, uppvexti foreldra okkar, frá fólki sem hún hafði kynnst á lífsleiðinni og síðast en ekki síst frá Jesú Kristi, kyndilbera ljóss og kærleika í mannheimum. Henni ömmu var lagið að tala við okkur krakkana eins og jafningja sína. Hún var trúnaðarvinur okkar, árin sem hún hafði fram yfir okkur skildu ekki að.

Þegar degi tók að halla vorum við oft keyrð heim, en stundum fengum við að gista. Þegar kvöldi tók bjó amma um okkur, sá um að öllum liði vel og þegar hún kom til að bjóða okkur góða nótt bað hún kvöldbænirnar með okkur. Ef dímmt var úti slökkti hún ljósin, en skildi alltaf eftir litla týru logandi. Ljósíð táknaði birtu guðs engla sem hún sagði að gættu okkar jafnt í svefni sem vöku. Fullviss um þá almáttugu verndarhendi sofnuðum við vært.

Hún amma tendraði ljós í okkar ungu hjörtum, ljós sem á eftir að lýsa okkur veginn um ókomna tíð. Ég veit að ég mæli fyrir munn okkar allra þegar ég bið þess að hið sama ljós megi lýsa henni þar sem hún er nú.

Elsku afa, þú syrgir ástríkan lífsförunaut. Megi algóður guð gefa þér styrk.

Sigurlaug Kristmannsdóttir

Svavar E. Árnason – Kveðjuorð

Fæddur 27. maí 1928
Dáinn 15. febrúar 1987

Hjerna lágu ljettu sporin
löngu horfin sama veg
sumarblíðu sólskinsvorin
saman gengu þeir og jeg
vinir mínir allir allir
eins og skuggar liðu þeir
inn í rökkr hljóðar hallir
hallir dauðans einn og tveir
einn og tveir.

(Guðmundur Guðmundsson)

Þó að ekki væri langur vegur á milli Grimsstaðaholtisins og verkamannabústaðanna kynntist jeg ekki Svavari Eyjólfri heitnum fyrr en eftir fermingaráldur. Nú hin síðustu ár spjölluðum við oft saman á götu úti. Hann var einn af þeim, sem voru lausir við alla yfirborðskennnd, hress og blátt áfram í viðtali, sem sagt ætíð eins í framkomu fram að hinstu stund hins jarðneska ævi-dags. Þess vegna verður minningin um hann hrein og björt. Kunningskapur minn við hans nánustu var ekki mikill, samt þekti jeg vel bræður hans og einnig Jón bróður hans, sem látinn er fyrir mörgum árum. Söknudur slær ætíð á viðkvæma strengi huglífsins þegar góður maður hverfur skyndilega af hinni jarðnesku ævibraut og þess



vegna skrifa jeg þessi fáu kveðjuorð. Minning um Svavar Árnason mun lifa í björtu ljósi.

Jeg votta móður hans, sem enn er á lífi, og eftirlifandi syni og systkinum hans mína dýpstu samúð. Blessuð veri minning hans.

Hin langa nótt er liðin
nú loksins hlaustu fríðinn
og allt er orðið hljótt.
Nú sáll er sigur unninn
og sólin björt upp runnin
á bak við dimma dauðans nótt.

(Valdimar Briem)

Porgeir Kr. Magnússon